

Fundur stjórnar FMR 24. september kl. 17:00-18:20

Mætt: Bryndís Kristjánsdóttir, Geirprúður Alfreðsdóttir, Sigríður Hermannsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Thor Aspelund.

Elísabet Siemsen rektor ræddi við fundarmenn í upphafi fundar.

Á fundinum var farið yfir undirbúning aðalfundar og verkaskiptingu stjórnar honum að lútandi.

1. Aðalfundur FMR verður haldinn þann 15. október nk. kl. 20:00.
2. Elísabet rektor mun halda stutt erindi við upphaf fundar um það sem efst er á baugi hjá yfirstjórn skólans.
3. Valgreiðsluseðlar verða sendir út fljótlega í heimabanka. Var ákveðið á síðasta stjórnarfundum að leggja til óbreytta fjárhæð, eða kr. 4.000 per nemandi/fjölskyldu.
4. Góður áhugi er hjá foreldrum að taka þátt í starfi stjórnar FMR. Mun stjórn leggja til breytingar á samþykktum félagsins á komandi aðalfundi til að koma til móts við þennan áhuga. Verður þar lagt til að horfið verður frá hámarksfjölda stjórnarmanna eins og gildandi samþykktir gera ráð fyrir. Telur stjórn FMR mikilvægt að félagið sé öflugur og opinn vettvangur til að tengja saman og efla skólann, nemendur og foreldra. Verða tillögur til breytinga á samþykktum félagsins sendar foreldrum til kynningar samhliða boðun til aðalfundar.
5. Samkvæmt samþykktum FMR skal boða til aðalfundar í októbermánuði þar sem m.a. kosning nýrrar stjórnar fer fram. Ræddu fundarmenn að heppilegra væri að stjórnarskipti færu fram fyrir, eða fljótlega í kjölfar skólasetningar ár hvert. Mun stjórn leggja fram breytingartillögur á samþykktum félagsins þess efnis að aðalfundur verði haldinn í septembermánuði ár hvert í stað október.
6. Ákveðið var að hafa fræðsluerindi í lok fundarins með svipuðum hætti og undanfarin ár. Voru ýmsar hugmyndir ræddar. Var ákveðið að hafa samband við nokkra aðila sem koma til greina.
7. Stjórn fór yfir aðra fasta dagskrárliði aðalfundar og skipti með sér verkum.

Fundi slitið

Fundargerð ritaði Bryndís Kristjánsdóttir